


Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. febrúar 2007

Vaxtjöfnuður ríkissjóðs jákvæður

Vaxtjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. munurinn á vaxtatekjum og vaxtægjöldum, var jákvæður á síðasta ári og batnar frekar í ár skv. áætlun fjármálaráðuneytisins. Á meðfylgjandi mynd má sjá jöfnuðinn í milljörðum króna á föstu verðlagi 2007 miðað við vísitölu neysluverðs. Sjá má að jöfnuðurinn batnar óslitið frá 1995 til ársins 2002 en versnar tímabundið á árunum 2003-2005. Vaxtjöfnuðurinn stefnir svo í að vera jákvæður fyrir árin 2006 og 2007 eins og áður segir. Helsti áhrifþáttur í þessari þróun er lækkun hreinna skulda, en eins og fjallað var um í [vefriti fjármálaráðuneytisins](#) 25. janúar síðastliðinn hafa hreinar skuldir ríkissjóðs lækkað umtalsvert á undanförunum árum. Aðrir þættir hafa einnig haft áhrif á þróunina, m.a. breytt skuldasamsetning óverðtryggðra og verðtryggðra lána, gengisþróun, vaxtastig og sú tiltekt sem fram hefur farið varðandi afskriftir á ofmetnum skattkröfum.



Innflutningur í janúar

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands var vöruskiptahallinn í janúar neikvæður um 6,5 milljarða króna. Hallinn lækkar um 2,5 milljarða króna milli mánaða en hafa ber í huga að innflutningstölur fyrir desembermánuð eru einnig bráðabirgðatölur. Breytinguna má rekja til bæði inn- og útflutningshliðar. Vöruútflutningur var 20,3 milljarða króna virði og er það nokkur aukning eftir að hafa dregist saman lítillaga síðustu þrjá mánuði. Aukninguna má einkum rekja til aukins álútlutnings. Innflutningur dróst hins vegar saman milli mánaða, og var flutt inn fyrir 26,8 milljarða króna miðað við 28 milljarða í desember. Innflutningur án skipa og flugvéla hefur dregist saman um 4,4% síðustu tólf mánuði ef miðað er við þriggja mánaða staðvirk meðaltal. Ef rýnt er í undirlíði innflutnings sést að innflutningur dregst saman þrátt fyrir að innflutningur eldsneytis hafi aukist umtalsvert en sá liður er jafnan mjög sveiflukenndur milli mánaða. Innflutningur á matvælum dregst saman miðað við jólamánuðinn og talsvert hefur dregið úr innflutningi á hrá- og rekstrarvörum. Innflutningur fjárfestingarvara stendur í stað og innflutningur flutningatækja er á svipuðu róli og í desember. Innflutningur neysluvara dregst hinsvegar lítillaga saman í öllum flokkum. Hafa ber í huga að greining á undirlíðum innflutnings er háð meiri óvissu en áður þar sem innflutningsgögnin byggjast á endurbættu tollflokkanarkerfi sem tók gildi um áramótin. Á alþjóðavísu er vinnu við samsvarandi breytingar á hagræna flokkunarkerfinu ekki lokið en innflutningstölur eru að jafnaði birtar á því formi.

Rekstur ríkisstofnana og viðhorf forstöðumanna

Í lok nýliðins árs fór fram viðamikil viðhorfskönnun meðal ríkisstarfsmanna. Gagnaöflun stóð yfir fram að jólum og er nú unnið að greiningu gagna, en vonir standa til að helstu niðurstöður verði gefnar út og

kyntar fyrir páska. Hluti könnunarinnar snýr að forstöðumönnum ríkisstofnana sem fá á næstu dögum senda tvo spurningalista.

Annar listinn inniheldur staðreyndaspurningar þar sem ætlunin er að kanna fyrirkomulag starfsmannamála, verkefni stofnana, árangursstjórnun og fleira sem tengist starfsemi ríkisstofnana. Þar sem um staðreyndir er að ræða er þessum spurningalista svarað undir heiti stofnunarinnar en þannig er mögulegt að kanna áhrif mismunandi stjórnunaráferða, m.a. á viðhorf starfsmanna. Hinn spurningalistinn, sem er nafnlaus, inniheldur viðhorfsspurningar þar sem markmiðið er að fá mat forstöðumanna á fyrrnefndum atriðum, en til viðbótar verður spurt um viðhorf þeirra til ýmissa umbótaverkefna ríkisins sem og viðhorf til eigin starfs.


Báðir spurningalistarnir verða sendir forstöðumönnum á næstu dögum og vonast aðstandendur til að þátttaka forstöðumanna verði góð. Könnunin mun gefa mikilvægar upplýsingar og gott yfirlit yfir aðferðafræði sem notuð er við stjórnun ríkisstofnana og gagnast öllum sem koma að málaflöknum. Niðurstöðurnar verða nýttar til að móta áherslur stjórnunar hjá ríkinu sem og í starfsmannamálum. Könnunin hefur jafnframt fræðilegt gildi á sviði opinberrar stjórn-sýslu.

Þessi hluti könnunar á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær til um 200 forstöðumanna ríkisins en skilyrði fyrir þátttöku er að á stofnuninni starfi fimm eða fleiri starfsmenn. Til samanburðar má nefna að þetta er sama skilyrði og árið 1998 þegar sambærileg könnun var gerð, sem náði þá til tæplega 250 forstöðumanna. Nánari upplýsingar eru á vef fjármálaráðuneytisins, sjá [Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna](#) á forsiðu vefsins.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis árin 1998-2007 vegna vinnumála

Á árinu 1998 námu útgjöld félagsmálaráðuneytis vegna vinnumála 3.067 m.kr. á verðlagi þess árs. Í fjárlögum árið 2007 eru sömu útgjöld 12.229 m.kr. Það er tæplega 300% hækkun frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkun sem nemur 16,6%. Á sama tíma er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um tæp 48% eða 4,4% á ári að meðaltali. Vísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkunar á opinberri þjónustu, hækkar hins vegar um 69% á sama tímabili skv. spá um árið 2007, eða 6% á ári að meðaltali. Þróun útgjalda félagsmálaráðuneytis vegna vinnumála er sýnd á myndinni samkvæmt reikningi á verðlagi hvers árs fyrir árin 1998 til 2005. Útgjöld eru miðuð við fjárlög og fjárukalög 2006 og fjárlög ársins 2007. Mikil aukning útgjalda á árinu 2001 skýrist af því að greiðsla fæðingarorlofs hófst í upphafi þess árs og útgreiðslur sjóðsins voru ekki komnar í jafnvægi fyrr en á árunum 2003 til 2004. Þá hafa verið nokkrar sveiflur í greiðslum atvinnuleysisbóta á tímabilinu.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis árin 1998-2007 vegna vinnumála



1. Fjárlög og fjárukalög. 2. Fjárlög.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember			Gjöld ríkissjóðs janúar-desember			Afkoma ríkissjóðs janúar-desember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006	12 mánaða breyting (%)	2005	2006	Milljónir króna	2005	2006	12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,7	12,5	Almenn opinber þjónusta	28,5	-16,5	Handbært fé frá rekstri	32.014	65.719	Verðbólga (janúar)	4,4	6,9
Skattar á tekjur og hagnað	22,8	24,5	Heilbrigðismál	6,9	8,5	Hreinn lánsfjárfjöfnuður	81.888	-25.435	Kjarnaverðbólga (janúar)	4,3	7,1
Eignarskattar	23,7	-38,5	Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	6,4	Afborgun lána	-62.305	-46.097	Launavísitala (desember)	7,2	9,8
Skattar á vöru og þjónustu	20,4	9,0	Efnahags- og atvinnumál	4,3	-2,5	Brúttó lánsfjárfjöfnuður	14.101	-75.531	Heildarvelta (jan.-okt.)	12,1	13,7
Tryggingagjöld	16,2	15,4	Menntamál	15,0	10,6	Lántökur	10.234	115.713	Smásöluvelta (jan.-okt.)	8,7	5,7
Tekjur alls	42,2	-4,5	Gjöld alls	10,0	2,1	Greiðsluafkoma	24.335	40.182	Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,5	1,2